



- www.stadlar.is -

Ný heimasíða Staðlaráðs

Ný heimasíða og Staðlabúð fór í loftið nýlega. Við vonum að hvort tveggja muni falla viðskiptavinum okkar í geð. Ekki aðeins er efnisskipanin orðin einfaldari og skýrari, heldur fylgja síðunni nýjungar sem koma viðskiptavinum og aðilum Staðlaráðs að góðu gagni.

Alþjóðlegir staðlar

Sem fyrr verður í Staðlabúðinni hægt að kaupa íslenska og evrópska staðla og frumvörp að íslenskum og evrópskum stöðlum. Ein helsta nýjungin er sú, að hægt verður að finna og kaupa þar alþjóðlega staðla frá ISO og IEC og sækja þá á rafrænu sniði um leið og kaupum lýkur.

Pantanir sem ekki eru afhentar rafrænt eru póstlagðar samdægurs eða næsta virka dag, líkt og verið hefur.

Vaktað staðlasafn

Önnur helsta nýjungin í Staðlabúðinni er svokallað vaktað staðlasafn. Staðlar bætast sjálfvirkir við staðlasafn notanda („Staðlasafnið þitt“) um leið og gengið er frá kaupum. Staðlarnir eru vaktadír, nema vöktunin hafi verið afþökkuð í kaupferlinu.

Einnig er hægt er að bæta stöðlum og frumvörpum úr Staðlabúðinni í staðlasafnið og vakta, án þess að kaupa (hnappurinn „Vakta“ birtist við hvert skjal í niðurstöðu leitar). Þannig er t.d. hægt að vakta frumvarp og fá tilkynningu þegar það tekur gildi sem staðall.

Nánari er fjallað um vaktað staðlasafn á öðrum stað í fréttabréfinu.



Pantanasaga aðgengileg

Viðskiptavinir Staðlaráðs sem keypt hafa gögn í Staðlabúðinni gegnum tíðina geta fengið aðgang að upplýsingum um pantanasögu sína, í að minnsta kosti þrjá mánuði frá því að nýja síðan var tekin í gagn. Þetta er til gagna.

Allir viðskiptavinir þurfa að nýskrá sig til að geta verslað í nýju Staðlabúðinni. Þeir sem hafa verið í reikningsviðskiptum við Staðlaráð geta síðan óskað eftir slíkum viðskiptum áfram með því að senda tölvupóst á sölustjóra Staðlaráðs, sala@stadlar.is.

NÁMSKEIÐ 27. FEBRÚAR

ISO 9000 - Innri úttektir samkvæmt ISO 19011

Námskeið fyrir þá sem vilja læra að gera innri gæðaúttektir samkvæmt úttektarstaðlinum ISO 19011 eða þurfa að þekkja framgang gæðaúttekta

Upplýsingaöryggi - bls. 2

Rafrænn vörulisti - bls. 3

Vaktað staðlasafn - bls. 4

Ný útgáfa af ISO/IEC 27001 og ISO/IEC 27002

Aþjóðastaðlasamtökin (ISO/IEC) gáfu í september út nýja útgáfu af hinum vinsælu upplýsingaöryggisstöðlum ISO/IEC 27001 og ISO/IEC 27002. Óhætt er að segja að breytingarnar eru umtalsverðar.

Ég hef fengið að fylgjast með þróun hinnar nýju útgáfu, bæði sem umsagnaraðili fyrir ISACA í Bandaríkjunum um breytingar á upplýsingaöryggisstöðlum og sem fulltrúi Staðlaráðs Íslands á fundi vinnuhóps ISO um breytinguna. Hafa nokkrar ábendingar mínar ratað inn í hina nýju útgáfu.

Hin nýja útgáfa, ISO/IEC 27001:2013 og ISO/IEC 27002:2013, er fjórða heildstæða útgáfan sem kemur út. Fyrst litu dagsins ljós BS 7799:1995 og BS 7799-2:1998. ISO/IEC gáfu fyrri hlutann út árið 2000 sem ISO/IEC 17799:2000 og báða árið 2005, þ.e. ISO/IEC 27001:2005 og ISO/IEC 17799:2005 sem síðan var endurútféinn sem ISO/IEC 27002:2005.

ISO/IEC 27001

ISO/IEC 27001:2013 er nánast gjörbreyttur staðall frá síðustu útgáfu. Fyrst ber að nefna að staðlinum hefur verið skipt í tvennt, þ.e. ISO/IEC 27000 og ISO/IEC 27001. Síðarnefndi staðallinn inniheldur núna bara stjórnkerfishlutann úr eldri útgáfu og þar með vottunarhlutann. Uppbygging stjórnkerfishlutans hefur breyst mikið og er hann orðinn líkari stjórnkerfishluta annarra algengra staðla. Auðveldar það fyrirtækjum og stofnunum að byggja heildstætt

stjórnkerfi gæðastjórnunar. Upplýsingaöryggisstjórnun er jú ekkert annað en eitt form gæðastjórnunar.

Heiti helstu kafla (í óopinberri þýðingu) eru: Grunnur fyrirtækisins, Stjórnhættir, Skipulag, Stuðningur, Mat á frammistöðu og Umbætur. Með þessu er verið að leggja áherslu á að stjórnkerfið verður að byggja upp á forsendum starfseminnar og ekki síður þeirra sem eiga hagsmuna að gæta um að reksturinn gangi vel. Breytingar þýða ekki endilega að atriði hafi dottið út, heldur hafa þau verið færð til eða klædd í nýjan búning. Þetta sést best varðandi áhættumatsferlið. Horfið er frá því að áhættumatið sé eignabundið, en í staðinn er sjónum beint að áhættunni. Skilgreina þarf „eiganda“ áhættunnar, átta sig á áhættunni sem verður af því að trúnaður, réttleiki og tiltækileiki tapast, ekki er lengur minnst á samspil ógna, veikleika og líkinda og loks eru aðferðir við meðhöndlun áhættu ekki tilgreindar.

ISO/IEC 27002

Ýmsar umfangsmiklar breytingar eru gerðar á ISO/IEC 27002. Köflum er fjölgað úr 11 í 14, en stýringum er fækkað úr 134 í 114! Færri stýringar þýða ekki að dregið sé úr kröfum. Ástæðan fyrir fækkun er sameining stýringa og vissulega er nokkrum „óþörfum“ stýringum sleppt. Með þessu næst betra flæði og samræmi í staðalinn. Mesta breytingin felst þó í endurflokkun stýringa og að mörgu leyti einföldun. Gallinn við þessar miklu breytingar/uppstokkun er að aðeins þrjár stýringar halda númerum sínum milli útgáfa,



*Marinó G. Njálsson,
tölvunarfræðingur og sérfræðingur í
stjórnun upplýsingaöryggis.*

þ.e. 5.1.1, 5.1.2 og 12.6.1. Allar aðrar fá ný númer. Þetta mun örugglega valda ruglingi.

Ekki fer á milli mála að ISO/IEC 27001 og ISO/IEC 27002 eru þeir staðlar sem mestra vinsældna njóta þegar kemur að stjórnun upplýsingaöryggis. Hafa skal þó í huga, að stýringarnar sem lýst er í ISO/IEC 27002 og vísað er til í viðauka A í ISO/IEC 27001 eru langt frá því að vera tæmandi upptalning á þeim stýringum sem hægt er að innleiða. Þessu hefur tækninefnd ISO/IEC áttað sig á og því eru fjölmargir aðrir staðlar í ISO/IEC 27000 fjölskyldunni.

Næstu námskeið Staðlaráðs

27. FEBRÚAR

ISO 9000 - Innri úttektir samkvæmt ISO 19011

5. MARS

CE merking véla - hvað þarf að gera og hvernig?

13. MARS

Rafrænn vörulisti - Hagræði, uppbygging og notkun

26. OG 27. MARS

Upplýsingaöryggi: Nýjar útgáfur ISO/IEC 27001 og ISO/IEC 27002

8. MAÍ

Stjórnun upplýsingaöryggis - ISO/IEC 27001

Staðlaráð heldur sérnámskeið fyrir stofnanir og fyrirtæki ef þess er óskað. Nánari upplýsingar í síma 520 7150.

- Rafrænn vörulisti -

Tækniforskrift fyrir vörulista

Staðlaráð Íslands hefur gefið út tækniforskrift fyrir vörulista, TS 139 *Rafrænn vörulisti*. Tækniforskriftin byggir á skilgreiningum CEN/BII verkefnisins (www.cenbii.eu) á ýmsum viðskiptaskjölum og bætist því í hóp annarra íslenskra tækniforskrifa fyrir reikning, kreditreikning og pöntun.

Ein skilgreining fyrir alla notendur

Tækniforskrift fyrir vörulista er ítarleg lýsing á ákveðinni framsetningu vörulista sem nota má til að styðja við pöntun vöru, endursölu vörunnar sem og birgðahald. Í tækniforskriftinni er því lýst hvaða gögn geta verið í vörulistanum. Lýst er þeim reglum sem gilda um gögnin, t.d. hvernig verð er reiknað út og svo er því lýst hvernig gögnin eru sett fram í XML-skeytastaðlinum UBL.

Sú nálgun sem felst í tækniforskriftum er ólík því sem menn eru vanir í EDI innleiðingum. Í stað þess að skilgreina rafrænu skjölin í samræmi við þarfir notendanna þá er sett

fram ein skilgreining sem allir notendur laga sig að. Ávinningurinn er sá, að þannig er hægt að nota sömu skeytaskilgreiningu fyrir samskipti milli allra notenda sem hafa innleitt tækniforskriftina.

Sjálfvirkni og öryggi

Tækniforskrift fyrir vörulista er fyrst og fremst ætlað að koma vörulistum sem í dag eru sendir með pdf og Excel-skjölum yfir á form sem hægt er að lesa sjálfvirk inn í viðskiptakerfi móttakandans. Þannig er hægt að auka sjálfvirkni og öryggi í meðhöndlun vörulista sem berast frá mörgum smærri birgjum, hvort sem það er vegna innkaupa eða vörustýringar. Gera má ráð fyrir að flóknari samskipti birgja og kaupenda sem innleidd hafa verið í EDI verði þannig áfram.

Með almennri innleiðingu á vörulista samkvæmt tækniforskriftinni TS 139 opnast möguleiki fyrir kaupendur og seljendur vöru að auka sjálfvirkni í rekstri með notkun rafrænna vörulista, án þess að þurfa að



Georg Birgisson,
rekstrarhagfræðingur og rekur
fyrirtækið Midran ehf.

innleiða sérstaka útfærslu fyrir hvern nýjan viðskiptaaðila.

- Rafrænar reikningar -

Mikill sparnaður

Í nýlegri frétt á vef fjármálaráðuneytisins lsegir meðal annars:

„Ætla má að um 500 milljónir geti sparast með notkun rafrænna reikninga hjá ríkinu, en frá og með 1. janúar 2015 mun ríkið einungis taka við rafrænum reikningum. [...]“

Árlega berast ríkinu yfir 500 þúsund reikningar og í dag eru hátt í 30% þeirra rafrænar. Reynsla annarra þjóða sýnir að með rafrænum reikningum sparast að minnsta kosti 1.000 krónur fyrir hvern reikning. Mörg fyrirtæki hafa þegar sett sér markmið um að allir reikningar þeirra verði rafrænar og ljóst

að atvinnulífið nýtur hagræðis af verkefninu á við ríkið. [...]

Sérstaklega var hugað að hagsmunum lítilla fyrirtækja og einstaklinga. Tryggt hefur verið að slíkir aðilar geti nýtt sér tæknilausnir til hagræðingar og einnig að krafa ríkisins valdi þeim ekki óþarfa kostnaði.“

STAÐALVÍSIR

Handbók um ÍST 200:2006

Í bókinni er að finna skýringar og dæmi sem auðvelda notkun staðalsins ÍST 200 *Raflagnir bygginga*.

Bókin er ætluð hönnuðum, rafiðnaðarmönnum og nemendum í rafiðnaði á öllum skólastigum.





- Staðlabúðin -

Vaktað staðlasafn

En helsta nýjungin í nýrri vefverslun Staðlaráðs, Staðlabúðinni, er vaktað staðlasafn. Í grundvallaratriðum gengur vaktað staðlasafn út á það, að staðlar bætast sjálfvirkir við staðlasafn notanda („Staðlasafnið þitt“) um leið og gengið er frá kaupum í Staðlabúðinni. Notandi fær síðan tilkynningu í tölvupósti þegar breytingar verða sem varða tiltekið skjal eða staðal. Hægt er að afþakka vöktunina.

Notandi ræður

Vöktun staðla er sjálfvirk, en notandi getur hagað vöktun einstakra staðla með mismunandi hætti með stillingum í staðlasafni sínu, „Staðlasafnið mitt“. Full vöktun felst í því að notandi fær tilkynningu þegar ný útgáfa vaktads staðals tekur gildi, þegar viðbót við staðalinn kemur út og þegar nýtt frumvarp að staðlinum er auglýst. Einnig þegar staðallinn er felldur niður.

Notandi ræður ferð

Notandi ákveður sjálfur hvernig hann bregst við tilkynningum um breytingar, hvort hann kaupir t.d. frumvarp eða nýja útgáfu tiltekins staðals sem er vaktaður eða ekki. Staða skjala í staðlasafni notanda er táknuð með mismunandi litum. Staðall í gildi með grænu, frumvarp með gulu og niðurfelldur staðall með rauðu.

Ráðlegt er að haga vöktun þannig, að maður fái tilkynningu að minnsta kosti þegar ný

Nafn staðals	Síðast breytt	Vakta			Bæta í körfu	Eyða	Staðall keyptur?
		Ný útgáfa / Viðbætur / Frumvörp					
• ÍST EN NA:2010 (Þjóðarviðaukar við Eurocodes) (Bók)	11.10.2013	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>		<input checked="" type="checkbox"/>	Já
• ÍST EN NA:2010 (Þjóðarviðaukar við Eurocodes) (Bók)	15.11.2013	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>		<input checked="" type="checkbox"/>	Já
• SI-kerfið :2007 (SI-kerfið - Leiðbeiningar) (Bók)	22.11.2013	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>		<input checked="" type="checkbox"/>	Já
• ÍST EN 10021:2006	28.03.2007	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		<input checked="" type="checkbox"/>	Já
• ÍST EN ISO 10066:1997	14.11.2001	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>		<input checked="" type="checkbox"/>	Já
• ÍST EN ISO 10304-1:2009/AC:2012	28.09.2012					<input checked="" type="checkbox"/>	Já
• ÍST EN 1111:1998	05.11.2013	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>		<input checked="" type="checkbox"/>	Nei

Vaktað staðlasafn.

útgáfa tekur gildi og þegar viðbætur eru gefnar út.

Að vakta valin skjöl

Hægt er að bæta stöðlum og frumvörpum úr Staðlabúðinni í staðlasafnið og vakta, án þess að kaupa (hnappurinn „Vakta“ birtist við skjal í niðurstöðu leitar). Þannig er t.d. hægt að vakta frumvarp og fá tilkynningu þegar það tekur gildi sem staðal. Á sama hátt er hægt að bæta í staðlasafnið og vakta staðla sem þegar hafa verið keyptir. Vöktunin nær til staðla og annarra normskjala, svo sem tækniskýrsla (TR), tækniforskrifta (TS) og frumvarpa.

Full vöktun á eingöngu við íslenska og evrópska staðla. Staðlar sem eru eingöngu frá IEC eða ISO eru vaktadir þannig að

aðeins er látið vita þegar ný viðbót tekur gildi, ný útgáfa eða þegar staðallinn er felldur niður. Frumvörp staðla frá ISO og IEC eru ekki vöktuð.

Í *Staðlatíðindum* eru auglýstir nýir íslenskir staðlar, frumvörp að íslenskum stöðlum og niðurfelldir íslenskir staðlar. Áskrift að Staðlatíðindum er góð viðbót við vaktað staðlasafn. Hægt er að gerast áskrifandi að Staðlatíðindum á heimasíðu Staðlaráðs, www.stadlar.is. Áskriftin er ókeypis.

ATH! Vöktun staðla er á ábyrgð notanda. Staðlaráð verður ekki gert ábyrgt fyrir vöktuninni. Notandi ætti ávallt að fullvissa sig um að hann styðjist við gildandi staðla. Það er hægt með því að hringja í Staðlaráð eða leita eftir viðeigandi stöðlum í leitarvél Staðlabúðarinnar.



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þig vantar krydd í tilveruna.

Staðlarnir ISO 3632-1 og ISO 3632-2 *Spices, culinary herbs and condiments* skilgreina prófanir til að sannreyna að saffran, dýrasta krydd í heimi, sé örugglega saffran en ekki eitthvað annað.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.